

Nr. 39/1893:

Sigurður Jónsson
gegn
Oddi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði fyrir aukarjetti Norð-ur-Múlasýslu af Sigurði kaupmanni Jónssyni á Vestdalseyri gegn Oddi Sigurðssyni í Vestdal út af verzlunarskuld, er Sigurður Jónsson telur til hjá Oddi Sigurðssyni, að upphæð kr. 88,20, og var dæmt þar 18. júlí f. á. með þeim úrslitum, að Oddur Sigurðsson var sýknaður af kærnum og kröfum Sigurðar kaupmanns Jónssonar, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Sigurður kaupmaður Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 30. ágúst f. á., og hefur hann auk hins stefnda málsaðila stefnt hjeradsdómaranum, sýslumanni Einari Thorlacius, til ábyrgðar, og krafizt:

1. að stefndi, Oddur Sigurðsson, verði dæmdur til að greiða sjer kr. 88,20 með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags,
2. að gagnkröfum stefnda verði vísað frá rjettinum,
3. að nokkur ummæli stefnda í varnarskjali hans í hjerði um sig — er hann telur óviðurkvæmileg — verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir ósæmilegan rithátt,
4. að nokkur orð dómarans, E. Thorlaciusar, í forsendum dómsins verði dæmd dauð og ómerk,
5. að undirdómarinn verði samkvæmt n. l. 1—5—8 sektaður um 200 lóð silfurs fyrir óleyfilegan drátt á málinu; og
6. að Oddur Sigurðsson og Einar sýslumaður Thorla-

cius verði dæmdir til einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða áfrýjanda allan kostnað af málinu fyrir báðum dómum að skaðlausu með 100 kr. eða með einhverju eptir rjettarins mati nægilegu.

Hinsvegar hefur hinn stefndi Oddur Sigurðsson krafzt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn, Sigurður Jónsson, verði dæmdar til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfir dómi.

Hinn stefndi hjeradsdómari hefur ekki mætt eða látið mæta fyrir sig.

Skuld sú, sem áfrýjandi telur tál hjá stefnda, er verzlunarskuld, og hefur stefndi kannast við, að hann hafi fengið ýmislegt hjá áfrýjanda árin 1890—92 fyrir samtals 88 kr. 20 a., en jafnframt haldið því fram, að hann alls ekki skuldi áfrýjanda neitt, þar sem hann eigi meiri upphæð hjá áfrýjanda, sem sje 92 kr. 15 a. Þegar í fyrsta rjettarhaldi lagði stefndi fram gagnreikning, að upphæð 70 kr., en hann þótti ekki nægilega glöggur, eptir því sem hann hefur frá skýrt og áfrýjandi ekki mótmælt, og lagði hann því síðar fram annan gagnreikning, að upphæð 92 kr. 15 a. fyrir vinnu og fl., er hann hafði látið áfrýjanda í tje á árunum 1885—1892.

Að vísu mótmælti áfrýjandi þegar í stað hinum fyr framlagða gagnreikningi stefnda, »þar eð engin sönnun fylgdi með honum«, eins og hann líka mótmælti hinum síðari gagnreikningi hans, »með því hann sje alveg ósamhljóða hinum fyr framlagða reikningi«, en sjerstök og ákveðin mótmæli gegn einstökum þóstum reikningsins eða reikninganna eru alls engin fram kom-in af hendi áfrýjanda. Hinn stefndi hefur skýrt svo

frá, að hann þegar á árunum 1885—86 hafi fyrir vinnu átt hjá áfrýjanda 62 kr. 15 a., er hann ótsinnis hafi krafist hann um, en ekki fengið annað en góð loforð og fyrirheit, hafi hann því 1890 og seinna tekið út hjá áfrýjanda ýmislegt upp í þetta, svo og upp í það, er hann seinna vann í hans þarfir, alls að upphæð 88 kr. 20 a. Þessi skýrsla stefnda um vinnu sína fyrir áfrýjanda styrkist af eiofestum framburði nokkurra vitna, og áfrýjandi hefur alls ekki vefengt, að stefndi hafi unnið þau verk fyrir hann, er hann heimtar borgun fyrir, nje mótmælt borgun þeirri, sem stefndi hefur reiknað sjer, en að eins nefnt gagnreiking stefnda »vitlausan«. Áfrýjandi hefur þannig ekki löglega mótmælt kröfum stefnda á hendur honum, og þar sem kröfur málsaðila stafa af verzlunarviðskiptum, hlýtur stefndi að hafa átt rjett á að koma fram með gagnkröfur sínar gegn reikningi áfrýjanda án þess að gagnkæra og gagnstefna áfrýjanda, og verður þeim því ekki vísað frá, heldur verður að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Ekki er eptir atvikum ástæða til að dæma stefnda í sekt fyrir ósæmilegan rithátt fyrir undirrjetti, nje heldur til að dæma þau orð ómerk, er áfrýjandi telur meidandi fyrir sig. Þá er ekki heldur nein ástæða til að dæma ómerk nein orð hjeradsdómarans í forsendum dóms hans.

Það ber þannig að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Hjeradsdómarinn hefur haft mál þetta undir dómi frá 2. maí til 18. júlí f. á. eða í 11 vikur, og hefur hann að vísu tekið það fram í dóminum sjer til afsökunar, að drátturinn hafi orsakast af því, að hann hafi átt að gegna »áður dagsettum embættisverkum um alla

sýsluna, sem ekki mátti undir höfuð leggja. En með því að hjeraðsdómarinn hefur ekki gjört neina grein fyrir því, hver þessi áður dagsettu embættisverk hafi verið, og yfirdómurinn því ekki getur dæmt um, hvort eða að hve miklu leyti afsökun hans er á rökum byggð, þá verður eigi hjá því komizt að dæma hann, eins og áfrýjandi hefur kafizt, í sekt fyrir dráttinn samkvæmt n. l. 1. 5. 8. sbr. tilsk. 15. ág. 1832 16. gr., 200 lóð silfurs, er renni í landssjóð.

Þess skal getið, að forsendur hjeruðsdómsins eru mjög ófullkomnar og lýsa fljótfærni og hirðuleysi, en þó þykir eigi alveg næg ástæða til fyrir þá sök að sekta hjeraðsdómarann.

Málskostnað fyrir yfirdómi virðist áfrýjandi eptir atvikum eiga að greiða hinum stefnda, og þykir hann hæfilega metinn 25 kr.

Því dæmist rjett að vera :

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi Sigurður Jónsson stefnda Oddi Sigurðssyni 25 kr. Undirdómarinn sýslumaður Einar Thorlacius greiði í sekt 200 lóð silfurs, er renni í landssjóð. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.